

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1412**

2017/EES/74/16

frá 1. ágúst 2017

**um viðurkenningu á Fiji samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir
þjálfun og útgáfu skírteina farmanna***(tilkynnt með númeri C(2017) 5277) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarkspjálfun sjómanna ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að viðurkenna, með áritun, viðeigandi atvinnuskírteini og sérstök hæfnisskírteini farmanna, sem þriðju lönd gefa út, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin).
- 2) Þýskaland fór fram á það, 18. febrúar 2011, að Fiji yrði viðurkennt. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar beiðninnar, haft samband við yfirvöld á Fiji í því skyni að meta kerfi þeirra um þjálfun og útgáfu skírteina til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Útskýrt var að matið myndi byggjast á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu („Siglingaöryggisstofnunin“) eiga að annast á Fiji.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á kerfi Fiji um þjálfun og útgáfu skírteina á grundvelli niðurstaðna úr skoðun, sem fór fram í júní 2013, og að teknu tilliti til valfrjálstrar áætlunar um aðgerðir til úrbóta, sem yfirvöld á Fiji lögðu fram í september 2014 og sem bætt var við í desember 2014.
- 4) Við matið tilgreindi framkvæmdastjórnin nokkur atriði sem yfirvöld á Fiji þurfa að taka tillit til með tilhlýðilegum hætti, þ.m.t. ágallar að því er varðar innlend ákvæði, s.s. skortur á ákvæðum að því er varðar menntun og hæfi leiðbeinenda í tilteknum flokkum og ónógar eða ófullnægjandi kröfur um útgáfu skírteina, og einnig að því er varðar verklagsreglur um gæðastjórnun.
- 5) Í apríl 2015 sendi framkvæmdastjórnin yfirvöldum á Fiji matskýrslu sem byggðist á niðurstöðum úr skoðuninni sem fram fór í júní 2013 og þar sem tekið var tillit til áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, með viðbótum.
- 6) Yfirvöld á Fiji lögðu fram uppfærða áætlun um aðgerðir til úrbóta í júní 2015.
- 7) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga hefur framkvæmdastjórnin dregið þá ályktun að yfirvöld á Fiji hafi gripið til ráðstafana til að færa kerfi Fiji um þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til samræmis við kröfur STCW-samþykktarinnar, að undanskildu einu fráviki í tengslum við kröfur varðandi útgáfu skírteina.
- 8) Fiji hefur samþykkt nýja löggjöf til að ráða bót á þeim ágöllum sem varða innlend ákvæði og hefur uppfært verklagsreglur um gæðakerfi í stjórnsýslu sinni og sjómannaskólum sínum fyrir farmenn sem og námsskrám og þjálfunaráætlun sjómannaskóla sinna fyrir farmenn.

^(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 202, 3.8.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2017 frá 27. október 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

- 9) Deildir framkvæmdastjórnarinnar hafa óskað eftir útskýringu frá yfirvöldum á Fíji á frávikinum, sem framkvæmdastjórnin vakti máls á og um getur í 7. forsendu, varðandi kröfur um útgáfu skírteina. Umrætt frávík hefur ekki að neinu leyti áhrif á jákvætt heildarmat.
- 10) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Fíji uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.
- 11) Aðildarríkin fengu skýrslu um niðurstöður matsins.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Fíji hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.
